



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Barnaheimilið Ós

2021 – 2022



Samvera, leikur og gleði

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Leiðarljós leikskólans:.....	3
1.1	Einkunnarorð og hornsteinar	3
2	Greinargerð leikskólastjóra	3
2.1	Veturinn sem leið	3
2.2	Ungbarna kjarninn börn fædd 2019	4
2.3	Kríukjarni börn fædd 2018	4
2.4	Krummakjarni, börn fædd 2015 til 2017	5
3	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	6
3.1	Innra mat	6
3.2	Ytra mat	8
3.3	Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022.....	9
4	Innra mat	11
4.1	Yngri kjarnar	11
4.2	Eldri kjarnar	12
5	Innra mat sérkennslu.....	14
5.1	Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022.....	14
6	Innra mat – fjöltyngd börn	14
6.1	Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021	14
6.2	Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022	15
6	Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	16
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	16
8	Foreldrasamvinna	16
9	Skipulagsdagar	16
10	Fylgigögn.....	17
	Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	17
	Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal.....	17




1 Leiðarljós leikskólans:

1.1 Einkunnarorð og hornsteinar

Einkunnarorð

Samvera, leikur og gleði

Hornsteinar



2 Greinargerð leikskólastjóra

2.1 Veturinn sem leið

Veturinn sem leið var spennandi og lærdómsríkur á Ósi eins og á svo mörgum öðrum leikskólum. Skólaárið byrjaði á nokkuð hefðbundinn hátt þrátt fyrir sóttvarnareglur og einbeittum við okkur að því að fara yfir þá þætti sem að fóru forgörðum vegna þeirrar röskunar sem að faraldurinn hafði í för með sér.

Við ígrunduðum hvern kjarna fyrir sig til þess að átta okkur á samsetningu barnanna og áttuðum okkur á því að mikill munur væri á hverjum kjarna og skipulögðum starf vetrarins út frá þeim athugunum.

Nú er komin góð mynd á nýja námskrá Óss og er komin sátt um nýja stefnu skólans. Nýja stefnan er kennd við könnun og verður það rauði þráðurinn í gegnum allt starf leikskólans og leiðarstef í allri vinnu við skipulag, áætlanagerð og faglegar ákvarðanir sem gerðar verða.

2.2 Ungbarna kjarninn börn fædd 2019

Ungbarna kjarninn hefur gefið mjög góða raun og er frábær viðbót í Ós flórana okkar og værum við til í að fá að taka á mót fleiri smá krílum. Samstarfið við aðra kjarna hefur gengið vel og höfum við séð að markmið okkar hafa náðst varðandi þessa blöndun. Eldri börnunum gengur vel að taka tillit til þeirra yngri og sýna þeim áhuga og virðingu. Sum þeirra spyrja hvort þau megi koma niður til þess að hjálpa og einnig finnum við fyrir því í útiverunni að þau bæði sýna þeim áhuga og veita þeim gleði. Einnig finnum við fyrir því að þær fjölskyldur sem fá pláss eru mjög þakklátar fyrir að fá pláss fyrir börnin sín sem þau geta verið í alla sína leikskólagöngu.

Við lögðum upp með að gera rýmið sem hentugast fyrir þennan aldur og tókst það vel. En á kjarna fundum kom í ljós að nándin við eldhúsið var ekki nægilega hentug. Bæði eru þessi börn á viðkvæmum aldri gagnvart því að mikið sé af fólki sem fer út og inn af kjarnanum. Einnig borða þau miklu fyrr vegna þess að þau þurfa að fá mikinn svefn og þá er of mikill erill í eldhúsinu þegar verið er að hafa til matinn fyrir restina af börnunum. Þess vegna var ákveðið að kanna þann möguleika að gera rýmið niðri í kjallara aðalrými krílakjarnans. Að vel athuguðu máli var síðan ákveðið að hefja undirbúning á því að kjallarinn yrði rými fyrir ungbarna kjarnann og skyldi vera kallaður Hreiðrið. Þessi ákvörðun var gerð í samvinnu við umsjónaraðila fasteigna hjá Reykjavíkurborg og svo auðvitað foreldra sem hafa komið upp nýjum krílahópi tilbúnum til þess að taka saman höndum og gera rýmið fallegt og hentugt fyrir starfsemina.

Ós er lítill leikskóli og er mikill munur á milli ára hvernig aldursdreifingin er og ef Hreiðrið verður áfram á fyrstu hæðinni þurfum við að öllum líkindum að aðlagga okkur að breytum aðstæðum á hverju ári eftir því hvaða aldur er hverju sinni. Með því að færa rýmið niður í kjallara gerum við ráð fyrir því að geta við tekið við fleiri börnum í hvern árgang og haft reglulegra starf á hverjum kjarna fyrir sig.

2.3 Kríukjarni börn fædd 2018

Samskiptamálinn voru tekin í gegn á Kríukjarna og var dagskipulagið og viku plön gerð sýnilegri og fundir urðu reglulegri. Þetta gaf góða raun en fóstrunum finnst að gera megi enn betur og verður stefnt að því í vetur.

Sjáfssprotna leiknum var einnig gerð betri skil. Leikefnið var tekið fyrir og eru núna fóstrur Óss mun betur að sér í tilgangi hvers leikefnis fyrir sig, rýminu sem undir hann er ætlaður og hlutverki



fóstrunnar. Sú ósk kom upp að starfsfólkið fengi fyrirlestur um leikinn og verður stefnt að því á komandi skólaári.

2.4 Krummakjarni, börn fædd 2015 til 2017

Markmið Krummakjarna síðasta vetur var að kanna undirstöður faglegs starfs með eldri börnunum á Ósi. Farið var yfir námsþætti skólans og ákveðið að leggja áherslu á læsi og sköpun. Haldnir voru fagfundir og kjarnafundum fjölgað til þess að meta gang mál. Gerð var stefna í sköpun í leikskólanum eða listastefnu og byrjað að vinna eftir henni á Krummakjarna. Í megin dráttum var listastefnu skólans skipt upp í þrjá flokka.

Frjáls sköpun

Þar fá börnin frjálsar hendur með það efni sem er í boði hverju sinni og er stefnt að því að setja upp hillur þar sem þau geta gengið í efnivið frjálst og óhindrað og gert við það sem þeim lystir.

Þemaverkefni

Börnin ákveða í samvinnu við fóstrur hvaða þema eða verkefni skal tekið fyrir. Er þetta gert í anda könnunaraðferðarinnar sem er stundum kennd í Reggio Emilia skólum. Hvert verkefni getur tekið allt frá viku upp í nokkra mánuði og síðasta vetur voru fjöllin tekin fyrir. Við erum með frábært útsýni yfir Reykjanesskagann og var því stórkostlegt þegar byrjaði að gjósa.

Könnun á efni, rými og skynjun

Í þessum flokki leggur fóstran fyrir ákveðið verkefni og er lögð áhersla á að þau fái að kanna efnivið eins og liti, rými, umhverfi sitt úti og inni og síðan skynjun þar sem þau fá sjónræna og líkamlega örvun á tilveruna. Kennarinn leggur fram efni og eru meira að segja stenslar leiðir þar sem þeir eru til dæmis svo góðir í að kanna víddir.

Ekki náðist að klára læsisstefnu Óss né fara almennilega yfir leiðir til þeirra. Búið er að leggja grunninn að henni og er stefnt að því að hún verði tilbúin fyrir áramót og byrjað að vinna eftir henni þá. Við ákváðum aftur á móti að fara betur yfir frjálsa leikinn og hefur hann nú náð góðri siglingu á Krummakjarna og á fastann sess í dagskipulaginu þar sem bæði fóstrur og börn ganga að því vísu að hann sé tími barnanna og þeirra frelsi.



3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

3.1 Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Ungbarnakjarninn	Á starfsmannafundum og stórfundum með foreldrum	Starfsfólk og foreldrar	Ungbarnakjarninn gengur vel og allir þættir ganga vel eins og líðan barna, ánægja foreldra og líðan starfsfólks. Athuga þarf staðsetningu og kanna hvort nota á kjallara.
Samskipti á Ósi	Á starfsmannafundum	Fóstrur, eldhússtarfsfólk og leikskólastjóri	Starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði og finnst starfsfólki það mjög gott. Því finnst þó en að samskipti innan kjarna megi bæta og fá skýrar skilaboð frá leikskólastjóra
Samskipti á Kríukjarna	Á kjarnafundum	Fóstrur á Kríukj. og leikskólastjóri	Betri samskipti og skýrar hlutverk en það má enn gera betur.
Frjálsi leikurinn á Kríukjarna	Á kjarnafundum og með athugunum leikskólastjóra	Fóstrur á Kríukj. og leikskólastjóri	Gengur mun betur að halda börnunum í leik. Hlutverkin skýrari og leikrýmið og efni í mun betra standi til þess að sinna hlutverki í leiknum.

Listastefna Ós	Á kjarnafundum á Krummakjarna	Leikskólastjóri, listkennari og fóstrur á Krummakjarna	Það náðist góður árangur í greina og ákveða listkennslu á Ósi. Búið er að gera áætlun sem að byrjað er að vinna eftir á Krummakjarna en eftir á að vinna meira í tónlistarstefnunni. Næstu skref að klára tónlist. og þróa stefnuna fyrir restina af skólanum.
Læsisstefna Ós	Á kjarnafundum og fagfundum	Verkefnastjórar/deildas tjórar og leikskólastjóri	Ekki náðist að halda áfram með læsisstefnuna þó unnið sé núna með grunnhugmyndina.
Frjálsi leikurinn á Krummakjarna	Á kjarnafundum og fagfundum	Verkefnastjórar/deildas tjórar, fóstur á Krumma og leikskólastjóri	Loksins gekk vel að festa í sess frjálsa leikinn á faglegan hátt á Krummakj. Fóstrunnar fengu tilfinningu fyrir hlutverki sínu, rýmisins og efniviðsins. Enn er þó ósk um frekari fræðslu um sjálf sprottinn leik barna.



3.2 Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)



3.3 Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Námskrá Óss	Að klára námskrá fyrir lok skólaárs	Athuganir á námsefni-fundum-hópavinnu á starfsmannafundum og í samvinnu við foreldra Óss	Leikskólastjóri	Ágúst 2021	Mai 2022	Fara yfir námsgögn og aðrar góðar námskrár. Fá álit og leiðsögn frá hlutlausum fagaðilum og SFS.	Biðja fagaðila um að fara yfir námskrána. Prufukeirna hana í ár, afhenda hana formlega á 50 afmæli Ós 2023.
Áætlanir og verklag	Fara yfir og taka saman það sem búið er að gera og klára.	Uppfæra starfsmanna og kjarnamöppur og fara ýtarlega yfir áætlanir og verklög á fundum með starfsfólki	Leikskólastjóri	Ágúst 2021	Mai 2022	Farið yfir með stjórn skólans og fagaðilum í skólanum	Fengið mat hjá foreldrum, starfsfólki og vina skóla.
Uppeldis- og menntastarf							
Leikurinn	Fara þarf dýpra í tilgang og markmið Sjálfssprotins leiks hjá börnum með starfsfólki	Fyrirlestur á starfsmannafundum. Heimsókn frá Áfasteini og leikskóla aktivistum.	Leikskólastjóri	Okt. 2021	Des. 2022	Leikskólastjóri fær skráningu frá fósturm hvers kjarna. Leikskólastjóri gerir athuganir á þeim tímsa sem leikurinn er í dagskipulagi	Viðmið eru miðuð við faglegt efni um leikin og reynslu leikskólans



Listastefna	Klára listastefnuna	Athuganir á kjörnum. Klára að setja hana upp og gera hana sýnilega	Leikskólastjóri og kjarnastjóri eldri kjarna	Ágúst 2021	Janúar 2022	Undirbúningi kjarnastjóra og á fagfundum.	Lagt fyrir foreldra og listkennara
Mannauður/ Leikskólabragur							
Gera aðstöðu fóstara aðgegnilegri	Kaffistofa, skápar.	Gera kaffistofu þægilegri, öruggari og skemmtilegri	Leikskólastjóri og aðrar fósturur	Okt 2021	Apríl 2022		
Grundvöll fyrir lærdómssamfélagi í skólanum	Vinna að virkara lærdómssamfélagsi í skólanum	Í starfmannahópn um eru nemar í uppeldisfræðum. Hittast reglulega með þeim og læra af hvort öðru. Fyrirlestrar.	Fóstrur með áhuga á faginu, leikskólastjóri	Ágúst 2021		Reglulegir fundir	
Innra mat							
Foreldrakönnun	Endurgera	Fara yfir gammalar kannanir. Setja fastan tíma á því hvenær hún er gerð árlega.	Leikskólastjóri og stjórn skólans	Nóv 2021	Nóv 2021	Stjórnafundum og fagfundum starfsfólks	Borðið saman við eldri kannanir og kannanir annara skóla
Starfsmannakönnun	Endurgera	Fara yfir gammalar kannanir. Setja fastan tíma á því hvenær hún er gerð árlega.	Leikskólastjóri og stjórn	Feb 2022	Feb 2022	Stjórnafundum og fagfundum starfsfólks	Borðið saman við eldri kannanir og kannanir annara skóla



4 Innra mat

4.1 Yngri kjarnar

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Þróa starfið með yngri börnum leikskólans með samvinnu Hreiðurs og Lóukjarna	Að samstrí milli Hreiðurs og Lóu verði skilvirkara?	Að börnin verði vön öllum fóstrum Lóunnar og Hreiðursins. Að fóstur geti stigið inn í hvers annars starf. Samvinna	Fóstrur yngri kjarna og leikskólastjóri	Okt 2021	Apríl 2022	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur , safna gögnum) Kjarnafundur sameiginlegir og sér. skráning.	Spurningalistar veraðar gerðir og athugun á gengi kjarnanna verður gerð af leikskólastjóra. Einnig verður leitað eftir álit foreldra.
Könnunarleikurnn	Setja í vikuskipulag fastan tíma fyrir könnunarleikurnn	Könnunarleikurnn verði fastur punktur planinu, þó gerðir, fræðsla fyrir starfsfólk.	Leikskólastjóri	Jan 2022	Jan júni 2022	Starfsmannafundur m. Samræður og athuganir leikskólastjóra	Niðurstöðufundur í lok annar þar sem reynslan og athuganir verða yfirlitarnar.



4.2 Eldri kjarnar

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Þróa starfið með eldri börnum leikskólans með samvinnu Kríu og Krummakjarna	Að Samstarf milli Hreiðurs og Lóu verði skilvirkara?	Meiri samvera varðandi dagskipulag og stefnu kjarnana Að börnin séu von öllum fósturum Kríu og Krumma. Efla samvinnu og samveru.	Fóstrur eldri kjarnanna og leikskólastjóri	Okt 2021	Apríl 2022	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur , safna gögnum) Kjarnafundur sameiginlegir og sér. skráning.	Spurningalistar veraða gerðir og athugun á gengi kjarnanna verður gerð af leikskólastjóra. Einnig verður leitað eftir áliti foreldra.
Listasefanan tekin í gagnið	Að unnið sé samkvæmt nýrri listastefnu skólans	Finna út hvenær best sé að hefa þemaverkefni . Gera skýrt hvernig fóstrur geta nálgast efni fyrir hvernt verkefni fyrir sig og séu með ferlana á hreinu.	Fóstrur á Kríu og Krumma. Leikskólastjór i	Okt. 2021	Mai. 2022	Á Kjarnafundum. Í athugunum á kjarna.	Metið á starfsmanna og kjarnafundum í lok tímabils.
Læsisstefna eldrikjarnanna	Gerður sé grunnur að læsisstefnu .	Negla niður verklag með tíma, efnivið og stefnu í huga sem hæfir hverjum aldrir.	Fóstrur eldrikjarna og leikskólastjóri	Okt 2021	Jan 2022	Með athugunum fyrstu vikur ársins 2022.	Læsisstefnur annara leikskóla og samtöl við starfsfólk og foreldra.
Leikuinn	Fyrilestur og klára innleiðingu	Ná fullu valdi á hugmyndum sjálfssptotins leiks	Fóstrur eldri kjarana	Okt. 2021	Feb 2022	Atugunum og skráningu. Heimsókn fagaðila	Reynsla leikskólastjóra , fagefni, stefnur annara skóla





5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Við erum að byggja upp sérkennslu á Ósi vegna þess að nú eru 4 börn sem að bíða eftir athugun eða greiningu. Leikskólastjóri og grunnskólamenntaður starfsmaður munu sjá um sérkennsluna og erum við í góðu sambandi við sálfræðing og sérkennslufulltrúa þjónustumiðstöðvar. Sérkennslu áætlun mun miðast við viðbrögð og verklag varðandi beiðnir um athuganir, samskipti við foreldra, mögulegar niðurstöður athugunar/ greiningar, gerð og form einstaklingnámskrár og möguleika í aðstoð við börnin.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	

5.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerði r til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Gera sérkennslu áætlun	Læra af því ferli sem að skólinn er að fara í með einstökum börnum.	Fræða starfsfólk, gera sérkennslu áætlun. Læra á Hljóm	Leikskólastjóri, fagmenntað starfsfólk	Ágúst 2021	Maí 2022	Beðið um aðstoð frá þjónustumiðstöð um mat á nýrri sérkennslu áætlun	Umsögn fagaðila og aðrar sérkennsluáætlani r

6 Innra mat – fjöltyngd börn

6.1 Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Ekki hefur verið sótt um fjármagn en sem komið er.
---	---

Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Verið er að vinna með Gefðu tíu. Einnig er lög áhersla að setja orð á gjörðir og athafnir.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Lögð er áhersla á að val á sönglögum sé fjölbreytt og þau séu sungin þegar á við (árstíð/hátíðir) svo börnin geti tengt orðin við það sem gerist í kringum þau. Þetta er líka gert í sögustundum og eru lesnar sögur, sögð ævintýri og svokallaðar bull sögur til þess að fjölbreytin sé sem mesti og þar með orðaforðinn sem fjölbreyttastur.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hljóm verður notað í ár.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Lögð er áhersla á virka hlustun og gefið rými fyrir umræður í samverustundum og við matarborðið.

6.2 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Áætlun um kenslu með fjöltyngd börn	Gera áætlun	Fara á fundi og námskeið sem haldin eru á vegum Rvk. Búið að tilnefna fósturu sem verður í forsvari	Leikskólastjóri	Jan. 2022	Mái 2022	Fagfundir, námskeið og samtöl við fagaðila.	Bera áætlun undir fagaðila

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári á milli leikskólastjóra og annars starfsfólks þar er farið yfir frammistöðu starfsfólks og það sem betur má fara í samvinnu við leikskólastjóra og annara í skólanum. Einnig er samtal milli starfsfólks og stjórnar skólans einu sinni á snemma á vorönn. Þar er farið yfir stöðuna gangvart leikskólastjóra og öðrum starfsmönnum og tekið launaviðtal ef óskað er eftir.

Farið verður í starfsmannaferð til Brighton í apríl þar sem við munum heimsækja tvo leikskóla og fara á sagnarþulunámskeið. Annar skólinn er ungubarnaleikskóli en hinn er skóli sem að leggur áherslu á Reggio Emilia aðferðir og útikennslu. Við erum búin að bíða lengi eftir þessari ferð en höfum þurft að fresta vegna Covid.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Í ár erum við með skólahóp og munum við vera í sambandi við þá skóla sem að börnin munu fara í og skipuleggja heimsóknir hópsins í alla skólana. Einnig er planað samstarfs milli Óss og Skerjagarðs í vetur.

8 Foreldrasamvinna

Ós er foreldra rekinn skóli. Foreldrar taka virkan þátt í starfi skólans með ýmsu móti. Foreldrafundir eru átta sinnum á ári og eru þar teknar ýmsar ákvarðanir varðandi málefni skólans. Þessi mál varða allt frá samveru og partístandi Ósara til faglegra ákvarðana sem teknar eru í samvinnu við fagfólk skólans. Tvisvar sinnum á ári eru vinnuhelgar á Ósi en þá koma foreldrar og gera ýmis verk sem að gagnast starfi leikskólans, börnum og fóstrum. Foreldrar sjá um að ná í jólatré, púkagleði á þrettándanum, sumarhátíðina á Ósi og í ár ætlum við að bæta við hausthittingi. Einnig eru ýmis verkefni sem að foreldrar taka að sér eins og að sjá um tölvu mál skólans, vaska upp í eldhúsinu ef þarf og sjá um matjurtargarðinn. Á síðasta skólaári var aukin áhersla lögð í matjurtargarðinn okkar og litla krydd og nytjajurtabeðið okkar við leikskólann. Mun þessi ræktun vera enn af hornsteinum okkar í sjálfbærni áætlun okkar sem er á áætlun að gera í samvinnu við foreldra.

9 Skipulagsdagar

3. ágúst

25. október

10. nóvember



3. janúar

18. febrúar

13. apríl

10 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal

F. h. leikskólans

Sigrún Eiríksdóttir

Ágúst 2021

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2021 – 2022

Barnaheimilið Ós

Umsögn foreldraráðs

Barnaheimilið Ós er foreldrarekinn leikskóli þar sem allir foreldrar koma að skipulagi skólans með einum eða öðrum hætti. Foreldrarnir mynda þéttan hóp sem láta sig málefni skólans varða og taka ákvarðanir um starfið í góðu samstarfi við leikskólastjóra. Ós er fámennur leikskóli og það eykur samheldni og skapar gott og heimilislegt andrúmsloft.

Starfið á Ósi er faglegt og á sama tíma tekst að skapa börnunum okkar annað heimili með yfirvegun og virðingu þar sem hvert barn fær að njóta sín. Á Ósi starfar frábært starfsfólk með metnað fyrir starfinu sínu og velferð barnanna að leiðarljósi.

Ánægjulegt er að sjá starfsfólkið virkjað í að nýta styrkleika sína og sérsvið til að gera lífið á Ósi enn betra. Til að mynda stunda börnin á Ósi jóga og hugleiðslu, fá metnaðarfulla myndlistarkennslu og elstu börnin læra á úkúlele. Allt eru þetta þættir sem veita skólanum sérstöðu og skapa gott umhverfi fyrir starfsfólkið. Í heimsfaraldri COVID hafa leikskólastjóri og starfsfólk tekið mjög vel á hlutunum og lagt á sig mikla vinnu til að halda skólanum opnum svo ástandið hafi sem minnst merkjanleg áhrif á rúttinu barnanna.

Foreldraráð hefur lesið skýrslu leikskólastjóra og samþykkt.

Foreldraráð leikskólans.

Stjórn Barnaheimilisins Óss eru:

Björn Atli Davíðsson, formaður

Kolbrún Ýr Einarsdóttir, gjaldkeri

Örn Alexander Ámundason, ritari

Arnar Kormákur Friðriksson

Sólbjört Sigurðardóttir



Fylgiskjal 2

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUÁR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
	1 M	1 F	1 M	1 M	1 L	1 P	1 P	1 F	1 S	1 M	1 F
	2 F	2 L	2 P	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 L
Friðgátur	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	3 S	3 P	3 F	3 S
Ös ogur	4 L	4 M	4 F	4 L	4 P	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L	4 M
	5 S	5 P	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 P	5 F	5 S	5 P
	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M	6 M
	7 P	7 F	7 S	7 P	7 F	7 M	7 M	7 F	7 L	7 P	7 F
	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 P	8 P	8 F	8 S	8 M	8 F
	9 F	9 L	9 P	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 L
	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 P	10 F	10 S
	11 L	11 M	11 F	11 L	11 P	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L	11 M
	12 S	12 P	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 P	12 F	12 S	12 P
	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M	13 M
	14 P	14 F	14 S	14 P	14 F	14 M	14 M	14 F	14 L	14 P	14 F
	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 P	15 P	15 F	15 S	15 M	15 F
	16 F	16 L	16 P	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 L
	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S	17 P	17 F	17 S
	18 L	18 M	18 F	18 L	18 P	18 F	18 F	18 M	18 M	18 L	18 M
	19 S	19 P	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 P	19 F	19 S	19 P
	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F	20 M	20 M
	21 P	21 F	21 S	21 P	21 F	21 M	21 M	21 F	21 L	21 P	21 F
	22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 P	22 P	22 F	22 S	22 M	22 F
	23 F	23 L	23 P	23 F	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 L
	24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 F	24 F	24 S	24 P	24 F	24 S
	25 L	25 M	25 F	25 L	25 P	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L	25 M
	26 S	26 P	26 F	26 S	26 M	26 L	26 L	26 P	26 F	26 S	26 P
	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M	27 M
	28 P	28 F	28 S	28 P	28 F	28 M	28 M	28 F	28 L	28 P	28 F
	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 M	29 F	29 S	29 M	29 F
	30 F	30 L	30 P	30 F	30 S	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 L
		31 S		31 F	31 M				31 P		31 S



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



